

Ed.

176. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um heimild til tilfærslu á veðrjetti ríkissjóðs í togurum h/f »Kára«.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Eins og greinargerðin fyrir þingsályktunartillögu þeirri, á þskj. 89, er hjer ræðir um, ber með sjer, hefir ríkissjóður gengið i ábyrgð 1923 fyrir 5000 sterlingspundum fyrir h/f »Kára«, gegn 2. veðrjetti i skipum fjelagsins.

Þegar þetta var gert, hvíldu á fyrsta veðrjetti i skipum fjelagsins 20000 sterlingspund, eftir þáverandi gengi, 14. sept. 1923, sama sem 600000 krónur, og hafa skipin þá tæplega geta talist meira virði, nje heldur hefir 2. veðrjettur, sem ríkissjóður fjekk, getað talist nokkurs virði, þegar svona mikið hvíldi á 1. veðrjetti.

Um áramótin síðustu, eftir að kostað hefir verið stórfje til þess að gera við skipin, telur bankastjórn Íslandsbanka þau ekki mega teljast meira en 500 þús. króna virði bæði.

Nú er svo komið, að fjelagið hefir enga von um að fá rekstrarfje hjá viðskiftabanka sínum, nema ríkissjóður færi til veðrjett sinn eins og till. greinir, sbr. greinargerðina.

Þrátt fyrir það, þó auðsætt sje, að greind trygging hefir aldrei verið svo að segja nokkurs virði fyrir ríkissjóð, og tilfærsla sú, sem hjer um ræðið, gæti orðið til þess, að fjelagið yrði þess megnugt að borga skuldir sínar, hefir fjárhagsnefnd ekki getað orðið á eitt sátt i þessu máli.

Meiri hlutinn álitur ekki vera rjett, eins og á stendur, að neita um tilfærslu veðrjettarins. Af þeirri neitun mundi sennilega leiða gjaldþrot fjelagsins þegar i stað og atvinnutap margra manna. Hinsvegar sje tilfærslan leyfð, gegn því að fjelagið fái nýtt lán til rekstrar, er þó nokkur von til þess, að það geti komist yfir þá örðugleika, sem það nú á við að stríða, að minsta kosti til vertíðarloka. Fyrir hendi er nú sá tími ársins, sem altaf hefir verið hinn arðvænlegasti fyrir útgerðina. Telur meiri hlutinn það mjög mikilsvert, að fjelagið þurfi ekki að stöðva rekstur skipa sinna i byrjun þess tíma, sem mest er aflavonin. Á fleira má líka líta. Í Viðey, þar sem fjelagið hefir bækistöð sína, er fjöldi fólks (um 80 manns), sem Kára-fjelagið veitir atvinnu. Þetta fólk verður svift atvinnu sinni fyrirvaralaust um lengri eða skemri tíma, ef fjelagið neyðist til að hætta.

Þá má og telja skipshafnir skipanna, sem mundu verða atvinnulausar af sömu ástæðum.

Samkvæmt reynslu undanfarinna ára má óhætt fullyrða, að þjóðfelaginu væri það verulegt tap, ef tvö skip, slík sem þau, er hjer ræðir um, gætu ekki tekið þátt í vertíðarveiðunum, sem má kalla aðaluppskerutíma togaranna.

Af því, sem nú hefir sagt verið, er auðsætt, að þótt neitað sje um tilfærslu veðrjettarins, er engu bjargað af fje því, sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir, ef fjelagið yrði nú gjaldþrota sökum þess, að svo mikið hvilir á 1. veðrjetti eins og áður segir.

Hins vegar myndi af slíkri neitun leiða það að sú von, að fjelagið fengi fyrir þessa tilhliðrun nýtt lán til útgerðar yfir vertíðina, væri þar með að engu orðin, að fjöldi fólks, bæði í Viðey og á skipum fjelagsins, stæði uppi atvinnulaus um aðal-annatímamann, að þjóðfelaginu væri tapað það verðmæti, sem þessi tvö skip myndu annars geta aflað á vertíðinni.

Leyfi þingið aftur á móti tilfærslu veðrjettarins með þeim skilyrðum, sem í tilöggunni greinir, þá gerir það sitt til að firra vandræðum þann fjölda verkamanna og sjómanna, sem eiga atvinnu sína undir afkomu fiskiveiðahlutafjelagsins, þess er hjer ræðir um, og til þess að bjarga fyrir þjóðfelagið því verðmæti, sem liggur í vertíðarafla beggja skipanna, sem fjelagið heldur úti.

Samkvæmt þessu leggur meiri hlutinn til, að tillagan á þingskjali 89 verði samþykkt.

Alþingi, 16. mars 1926.

Björn Kristjánsson,
form.

Jóhann P. Jósefsson,
fundaskr. og frsm.

Gunnar Ólafsson.